
Velferð barna

Ef það vakna hjá ykkur áhyggjur af velferð barnsins ykkar er mikilvægt að þið bregðist við og hafið samband við starfsfólkið í skóla barnsins.

Þið þekkið barnið ykkar best og gegnið því mikilvægu hlutverki við að leysa vandamál sem tengjast barninu. Það er auðveldast að leysa mál ef tekið er höndum saman um það sem fyrst.

Við viljum tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar sameinist um að aðstoða fjölskylduna og barnið ykkar þar sem þörf er.

Allra ábyrgð

Keldan

er samstarfsvettvangur þeirra sem koma að málefnum fjölskyldna í **Norðurpingi**, **Skútustaðahreppi**, **Þingeyjarsveit**, **Tjörneshreppi**, **Langanesbyggð** og **Svalbarðshreppi** sem Fjölskyldusvið Norðurþings stjórnar.

Markmiðið er að sameina krafta alls þess fagfólks sem kemur að málefnum fjölskyldna hvort sem er á skólastofnunum eða heima fyrir til að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur þegar þess gerist þörf.




Norðurþing
Ketilsbraut 7 - 9
464 6100 / nordurthing.is
nordurthing@nordurthing.is



K E L D A N

Velferð barna Allra ábyrgð



Velferð barna

Alla jafna er leitast við að leysa þann vanda sem tengists barninu þínu í daglegu umhverfi þess þar sem nánustu starfsmenn, t.d. kennarar og aðrir starfsmenn skólans, leggjast á eitt um að veita barninu nauðsynlegan stuðning.

Allra ábyrgð

Ef vandamálið kallar á að fleiri komi að málum til að styðja barnið eða fjölskylduna er leitað eftir heimild foreldra til að bera málið upp í Keldunni en þar sitja félagsráðgjafar, sálfræðingur, deildarstjóri í málefnum barna, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eftir eðli hvers máls. Kennari barnsins þíns mun fara með ykkur á fundi teymisins og aðstoða við að fylgja málinu eftir.

Velferð barna

Viljir þú fá aðstoð Keldunnar getur þú haft samband við leik- eða grunnskóla þíns barns eða aðra sérfræðinga teymisins:

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Skólahjúkrunarfræðingur

Sigríður Hauksdóttir,

deildarstjóra í málefnum barna
siggahauks@nordurthing.is

Harpa Rut Hallgrímsdóttir,

félagsráðgjafi
harpa@nordurthing.is